



Fréttatilkynning frá
Skrifstofu forseta Íslands

ÁRANGURINN AF FORVARNARDEGINUM, SAMSTARF EVRÓPUBORGA OG NÝR FORVARNARDAGUR Á ÍSLANDI Í HAUST

Í dag efndi forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson til fundar á Bessastöðum til að fylgja eftir Forvarnardeginum sem haldinn var síðastliðið haust til að styrkja nauðsynlega forvarnarumræðu í landinu. Á fundinum var einnig fjallað um samstarf Evrópuborga í forvarnarmálum.

Í ávarpi sínu ræddi forseti um mikilvægi forvarnarstarfsins og það samstarf Evrópuborga sem hann hefur átt frumkvæði að sem verndari verkefnisins *Youth in Europe – A Drug Prevention Programme*. Reykjavíkurborg stýrir verkefninu og ávarpaði Jórunn Frímansdóttir formaður Velferðarráðs borgarinnar fundinn. Einnig lýsti forstjóri Actavis Róbert Wessman sérstakri ánægju með þann árangur sem náðst hefur og tilkynnti að Actavis væri reiðubúið að styrkja nýjan Forvarnardag sem haldinn yrði í öllum grunnskólum á Íslandi á komandi hausti. Actavis er bæði bakhjarl Forvarnardagsins á Íslandi og meginbakhjarl þeirra evrópsku rannsókna sem kynntar voru á fundinum.

Tveir fræðimenn frá Háskólanum í Reykjavík, dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir og Álfgeir Kristjánsson aðjúnt kynntu fyrstu niðurstöður hinna evrópsku rannsókna í forvörnum og þær niðurstöður sem Forvarnardagurinn á Íslandi hefði skilað.

Eitt af markmiðunum með Forvarnardeginum á Íslandi var að virkja nemendur, skóla og samfélagið allt í baráttunni gegn fíkniefnum. Nemendur um allt land tóku þátt í deginum meðal annars með því að skrá

hugmyndir sínar um hvernig stuðla megi að minnkandi fíkniefnaneyslu meðal unglinga og nú hefur verið unnið úr þeim hugmyndum til að fá sem skýrasta mynd af því hvað unglingarnir sjálfir telja mikilvægt að gert sé í þessum efnunum.

Íslensk ungmenni segja að íþróttafélög og æskulýðshreyfingar eigi að leggja meiri áherslu á fjölbreytni í framboði og á bættu aðstöðu og að skólar og íþróttafélög þurfi að stilla betur saman strengi sína. Þá geti keppnisharka og kostnaður dregið úr áhuga eða hindrað þátttöku unglinga í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Ungmennin telja samverustundir með fjölskyldum sínum mikilvægar og hafa lagt fram margar tillögur um hvernig foreldrar og börn geti varið meiri tíma saman, svo sem með því að ferðast saman, borða saman og horfa saman á sjónvarp. Stuðningur frá foreldrum og nánasta umhverfi skiptir miklu máli að dómi unglinga, þegar þeir eru spurðir um forvarnir, og helstu fyrirmyndir barna eru innan fjölskyldunnar.

Ný rannsókn á fíkniefnaneyslu ungmenna í níu Evrópuborgum sýnir að neyslan er minni í Reykjavík en í samanburðarborgunum. Rannsóknin sýnir auk þess að fíkniefnaneysla barna og ungmenna er minnst í þeim borgum Evrópu þar sem gripið hefur verið til markvissra forvarnaaðgerða á vettvangi sveitarfélaga með náinni samvinnu foreldra, skóla og grasrótarsamtaka. Má telja ljóst að markverður árangur hefur náðst í Reykjavík á undanförunum tíu árum, enda sækja nú aðrar borgir í reynslu okkar og tala um íslensku fyrirmyndina. Samtök evrópskra borga gegn fíkniefnum (ECAD) standa nú að sérstöku verkefni í 15 borgum í Evrópu þar sem sambærilegum aðferðum er beitt og verður framkvæmdinni stýrt frá Reykjavík. Lyfjafyrirtækið Actavis er aðalstyrktaraðili þessa verkefnis og forseti Íslands verndari þess.

Auk forseta Íslands, Reykjavíkur og Actavis, stóðu Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Bandalag íslenskra skáta að Forvarnardeginum, og fulltrúar þeirra sátu einnig fundinn á Bessastöðum. Rannsóknirnar voru unnar á vegum Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands.

Fjölmiðlar geta fengið í hendur sérstaka möppu þar sem ítarleg grein er gerð fyrir þeim niðurstöðum og rannsóknum og öðrum efnispáttum sem fjallað er um í þessari fréttatilkynningu. Gögnin verða einnig aðgengileg á heimasíðu forsetaembættisins (forseti.is).

25. maí 2007

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896-3028), Jórunn Frímannsdóttir formaður Velferðarráðs Reykjavíkurborgar (411-1111), Inga Dóra Sigfúsdóttir deildarforseti Lýðheilsu- og kennslufræðideildar Háskólans í Reykjavík (825-6401), Þórólfur Þórlindsson prófessor við Háskóla Íslands (898-4319) og Hjördís Árnadóttir hjá Actavis (840-7476).